

Raðtilnefning víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og **Peter-Harry Carstensen**, forsætisráðherra þýska sambandslandsins Slésvík-Holstein, héldu mánudaginn 4. febrúar blaðamannafund í Kiel í tilefni af því að hafinn er undirbúningur að raðtilnefningu menningarminja frá tímum víkinga á [heimsminjaskrá UNESCO](#).

Verkefnið er samstarfsverkefni margra þjóða en auk Íslands og Slésvík-Holstein koma Danmörk og Svíþjóð að verkefninu auk þess sem stjórnvöld í Kanada og Noregi hafa fylgst með framvindu mála og verða hugsanlega aðilar að ferlinu.

Menntamálaráðherra skoðaði einnig þær víkingaminjar í Slésvík-Holstein sem verða hluti af tilnefningunni en þar er um að ræða víkingabyggingu Heiðabæ (Haithabu) og varnarmúrinn Danavirki (Danewerk). Af öðrum menningarminjum er verða hluti af raðtilnefningunni má nefna Þingvelli, Birka í Svíþjóð og Jelling í Danmörku.



Vinna að tilnefningu er langt og strangt ferli sem krefst mikils og náns samstarfs milli þátttökulandanna. Öll löndin eiga jafnmikið í verkefninu þó svo reglur UNESCO kveði á um að eitt ríki þurfi að bera ábyrgð á verkefninu og afhenda tilnefningarskjölin fyrir hönd allra hinna.

Mun Ísland sinna því hlutverki að vera ábyrgðaraðili verkefnisins en frumkvæði að raðtilnefningunni átti Slésvík-Holstein sem í nokkur ár hefur unnið að undirbúningi þess að tilnefna Haithabu og Danewirke á heimsminjaskrána.

Ísland hefur unnið að verkefninu með þjóðverjum um nokkurra ára skeið og á fundi ríkisstjórnarinnar þann 10. ágúst í fyrra var tekin ákvörðun um að Ísland yrði aðili að hinni alþjóðlegu tilnefningu. Jafnframt var ákveðið að Ísland yrði það aðildarríki heimsminjasamningsins sem tæki að sér að afhenda tilnefningarskjölin heimsminjaskrifstofu UNESCO þegar þar að kæmi.

Heimsminjanefnd Íslands hefur fengið það hlutverk að stýra verkefninu fyrir okkar hönd og vinnur hún nú að undirbúningi málpings og fundar á Íslandi í apríl þar sem kallaðir verða til fulltrúar þeirra landa sem taka þátt í verkefninu.

Stefnt er að því að tilnefning vegna víkingaminja verði afhent UNESCO fyrir 1. febrúar 2010.

Styrkir til leiklistarstarfsemi 2008 atvinnuleikhópar

[Menntamálaráðherra](#) hefur að tillögu leiklistarráðs ákveðið verkefnastyrki til starfsemi atvinnuleikhópa árið 2008. Á fjárlögum 2008 eru alls 66,1 millj. kr. til starfsemi atvinnuleikhópa. Af þeirri upphæð renna 6 millj. kr. til [Sjálfstæðu leikhúsanna](#) skv. ákvörðun [Alþingis](#) og 20 millj. kr. fara til [Hafnarfjarðarleikhússins](#) skv. [samningi](#). Alls bást 64 umsóknir um verkefnastyrki frá 53 aðilum og ein umsókn um samstarfssamning. Leiklistarráð gerir tillögu um að 13 aðilar fái verkefnastyrki upp á alls 39,2 millj. kr.

Stærstu styrkina hlutu [Lab Loki](#)/Rúnar Guðbrandsson o.fl. 7,5 millj. kr. vegna uppsetningar á verkinu *Steinar í djúpinu*, Odd lamb couple ehf/Margrét Vilhjálmsdóttir o.fl. 5,5 millj. kr. vegna uppsetningar á verkinu *L, Opið út/Charlotte Böving* o.fl. 4,6 millj. kr. vegna uppsetningar á verkinu *Mamma* og Panic Productions/Gréta María Bergsdóttir o.fl. 3,4 millj. kr. vegna uppsetningar á verkinu *Professional amateurs*.

Leiklistarráð gerði tillögu til stjórnar [listamanna-launa](#) um 100 mánaðarlaun í starfstyrki til alls 10 hópa, þar af fékk einn hópur eingöngu starfslaun. Leiklistarráð er skipað Orra Haukssyni, Jóranni Sigurðardóttur og Magnúsi Þór Þorbergssyni.

„Við bjóðum góðan dag – alla daga“

„Við bjóðum góðan dag – alla daga“ eru einkunnarorð dags leikskólans sem haldinn var hátíðlegur í fyrsta sinn 6. febrúar 2008. Markmið dagsins er að beina aukinni athygli að leikskólanum og starfsemi hans. [Menntamálaráðuneyti](#) hefur gefið út sérstakt [kyningarrit](#) vegna dagsins sem afhent er öllum leikskólabörnum á Íslandi og fjölskyldum þeirra.

Í tilefni dagsins var ýmislegt gert í leikskólum á landsvísi. Á Akureyri var til dæmis ákveðið að vekja athygli allra íbúa á þessum degi með því að gefa út [einblöðung](#) með gullkornum úr lífsleikinámí leikskólabarna í leikskólum [Tröllaborgum](#).

Í Kópavogi var dagur leikskólans haldinn

hátíðlegur með mismunandi hætti í leikskólum sveitarfélagsins. Efnt var til samstarfs milli fræðslufirvalda sveitarfélagsins og [Menntaskólans í Kópavogi](#) um að kynna starfsemi leikskóla og starf leikskólakennara fyrir nemendum MK. Þá var gefið út veggspjald í tilefni dagsins um „Hvað lærum við í leikskólanum“ þar sem afstaða leikskólabarna til náms og uppeldis í leikskóla er birt í máli og myndum.

Það er mat aðstandenda þessa verkefnis að vel hafi tekist til og að dagurinn hafi skilað tilætluðum árangri. Ákveðið hefur verið að 6. febrúar verði dagur leikskólans ár hvert hér eftir.

Úttekt á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Á haustmisseri 2007 var á vegum [menntamálaráðuneytis](#) gerð úttekt á starfsemi [Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins](#). Tók úttektin til tímabilsins 2003-2007, þ.e. frá upphafi starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar til ársloka 2007.

[Úttektarskýrsla](#) lá fyrir í ársbyrjun 2008 og er hún aðgengileg á vef menntamálaráðuneytis. Helstu niðurstöður úttektarinnar eru eftirfarandi:

- Þjónustusamningar milli menntamálaráðuneytis annars vegar og [Alþýðusambands Íslands](#) og [Samtaka atvinnulífsins](#) hins vegar hafa að mestu leyti gengið eftir í framkvæmd. Faglegur árangur af starfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er umtalsverður.
- Fræðslumiðstöðin hefur sinnt vel því verkefni að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir þá markhópa sem tilgreindir eru í þjónustusamningum. Námsframboð fyrir markhópa er gott en lagt er til að miðstöðin skilgreini markvisst ferli við að greina menntunarförfr markhópa víðsvegar um landið. Samstarf Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og [Mími-símenntun](#) hefur almennt gengið vel. Þróun, framkvæmd og árangur verkefna í náms- og starfsráðgjöf hefur að mestu tekist vel.
- Þróun aðferða við mat á óformlegu námi og námsárangri og þróun aðferða við mat á raunfærni einstaklinga hefur gengið vel. Úttektaraðilar benda á að skoða þurfi hvernig verkefnið og þær aðferðir sem notaðar eru munu koma til með að verða metnar í framhaldsskólum.

- Gerð námsefnis í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfun kennara í notkun þess hefur tafist og er ólokkið. Lagt er til að menntamálaráðuneyti móti heildstæða stefnu um íslenskukennslu fyrir útlendinga.
- Úttektaraðilar telja að sérstakt fagráð gæti eftir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og jafnframt minnkað álag á stjórn og styrkt framkvæmdastjóra og starfsfólk Fræðslumiðstöðvarinnar í auknum verkefnum.
- Gæðastarf Fræðslumiðstöðvarinnar er umtalsvert og hefur verið sinnt vel. Í úttektinni kemur fram að eftirlit menntamálaráðuneytis með þjónustusamningunum er gott.

Úttektin var unnin af Arnari Jónssyni hjá [ParX-viðskiptaráðgjöf IBM](#) og Guðrúnu Björt Yngvadóttur, fyrrverandi aðstoðarforstöðumanni [Endurmenntunar Háskóla Íslands](#).

Hátíð nýsveina

Hátíð nýsveina var haldin í annað sinn laugar daginn 2. febrúar í ráðhúsinu í Reykjavík en [Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík](#) stendur fyrir henni. [Forseti Íslands](#), sem er verndari hátíðarinnar, afhenti nýsveinum verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á sveinsprófum og flutti ávarp. Auk nýsveina fengu viðurkenningar iðnaðarmenn sem náð höfðu frábærum árangri í keppnum iðngreina erlendis.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) flutti aðalræðu hátíðarinnar. Hún lagði áherslu á mikilvægi iðnmenntunar í atvinnulífnum og greindi frá [frumvörpum til laga um skólamáli](#) sem ætlað er meðal annars að styrkja stöðu verk- og tæknigreina í menntakerfinu. Þá sagði hún frá samstarfi ráðuneytisins og [Iðnmenntar](#), sem er í eigu verkmenntaskólanna, við að skipuleggja þátttöku íslenskra iðnnema í erlendum keppnum og að kynna starfsnám meðal grunnskólanema. Mikilvægt væri einmitt að gera möguleika starfsmenntunar sýnilegri fyrir grunnskólanemum. Ráðherra óskaði verðlaunahöfum og aðstandendum þeirra til hamingju með árangurinn og hvatti nýsveina til frekari dáða í námi og starfi. Einnig þakkaði ráðherra Iðnaðarmannafélaginu fyrir gott framtak með hátíðinni sem vonandi væri komin til að vera.

